

Reykjavík, 17.nóvember 2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/580
komudagur 1.12.2011

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um hitaeningamerkingar á skyndibita. Þingskjal 24 – 24.mál.

Sendandi:

Óla Kallý Magnúsdóttir og Ragnheiður Guðjónsdóttir f.h. næringarhóps Matvæla- og næringarfræðifélags Íslands (MNÍ)

Ljóst er að gríðarleg aukning hefur orðið í ofþyngd og offitu Íslendinga síðastliðna áratugi og þetta vandamál skapar mörg önnur vandamál innan velferðarkerfisins sem og fyrir einstaklingana sjálfa. Þannig eru óhollt mataræði, lítil hreyfing og tóbaksnotkun helstu áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma og heilablóðfalla og má rekja 80% þessarar tilfella til hegðunartengdra áhættuþátta. Næringarhópur MNÍ styður aukna möguleika neytanda til að taka upplýsta ákvörðun um mataræði sitt og er þessi umræða þörf og mikilvæg. Næringarhópur MNÍ er sammála því að það stingur í stúf að nauðsynlegt sé að upplýsa um innihald matvöru sem seld er í verslunum þegar að oftast er ekki erfitt að fá upplýsingar um innihald matvöru á veitingastöðum. Þó þykir okkur verra að upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda eru oft ekki aðgengilegar á veitingastöðum. Samkvæmt reglugerð um merkingar matvæla er matvælaframleiðendum skylt að merkja umbúðir sínar með innihaldslýsingu, aukaefnum og ofnæmis- og óþolsvöldum, en ekki hitaeningum eða næringargildi nema fullyrt sé um næringarfræðilega eiginleika vörunnar í merkingu, auglýsingu eða kynningu matvæla. Ef til þess kemur að skylda þurfi skyndibitastaði til þess að merkja rétti sína með hitaeningainnihaldi veltum við því fyrir okkur hvort það sama gildi ekki um aðra matvælaframleiðendur og veitingastaði. Í það minnsta þyrfti að vera skýr skilgreining á því hvað telst vera skyndibitastaður.

Við viljum koma með nokkrar athugasemdir við efni og orðalag þingsályktunarinnar.

Í ályktuninni kemur m.a. fram að fimmtungur landsmanna þjáist af „alvarlegustu tegund ofþyngdar“. Ofþyngd er skilgreint sem BMI 25,1-30 kg/m² og offita >30 kg/m². Því er átt við offitu hér en ekki ofþyngd, sem er ekki skilgreind sérstaklega eftir alvarleika.

Ef Big Mac er um og yfir 500 hitaeiningar er það um fimmtungur af daglegri orkuþörf karlmanns, sem er 2500-2800 hitaeiningar, en aftur á móti um fjórðungur af orkuþörf kvenmanns.

Okkur finnst ótrúlegt að það finnist pítsusneið hjá Pizza Hut sem er 2656 hitaeiningar. Hér hlýtur að vera átt við heila pitsu. Samkvæmt næringarútreikningum hjá Pizza Hut í Bretlandi (www.pizzahut.co.uk) er hitaeiningaríkasta pítsusneiðin um 370 hitaeiningar, sem gera tæpar 3000 hitaeiningar pítsan.

Með kveðju,

Óla Kallý Magnúsdóttir

Óla Kallý Magnúsdóttir

Ragnheiður Guðjónsdóttir

Ragnheiður Guðjónsdóttir